

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um holræsagerð í Siglufjarðarkaupstað nr. 233 31. des. 1959.

Félagsmálaráðuneytið, 13. júní 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

15. júní 1972.

Nr. 164.

REGLUGERÐ

um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna.

1. gr.

Ef ætla má, að eiturefni eða hættuleg efni samkvæmt lögum nr. 85/1968, er valdið geta tjóni á mönnum og dýrum eða mengað loft, láð eða lög, þannig að mönnum, dýrum eða plöntum geti stafað hætta af, myndist, komi fram eða séu notuð við starfrækslu verksmiðja og iðjuvera, er starfræksla þeirra bundin leyfi heilbrigðismálaráðherra, sbr. 3., 4. og 10. gr.

2. gr.

Til þeirra verksmiðja og iðjuvera, sem um ræðir í 1. gr., teljast m. a.:

1. Sementsverksmiðjur, kalkbrennslur og glerverksmiðjur.
2. Pappírs- og tréniverksmiðjur.
3. Efnaverksmiðjur, þar með taldar áburðarverksmiðjur, málningarverksmiðjur og hreinlætisefnaverksmiðjur.
4. Málmbræðslur, málmvinnslur og málmsteypur.
5. Oliubrunnar og dælistöðvar.
6. Oliu- og fituhreinsunarstöðvar.
7. Sildar- og fiskimjölsverksmiðjur.
8. Starfsemi, þar sem brennsla á kolum, koksi og olíum fer fram í öðrum tilgangi en til húsahitunar eða heimilishalds.

3. gr.

Verksmiðjur þær og iðjuver, sem um ræðir í 1. gr. sbr. 2. gr., og reistar hafa verið, en starfrækslu eiga að hefja eftir gildistöku reglugerðar þessarar, mega ekki hefja störf fyrr en að fengnu leyfi heilbrigðismálaráðherra.

4. gr.

Ef reisa á verksmiðju eða iðjuver, sem ætla má að falli undir ákvæði 1. gr., má eigi ákveða staðsetningu hennar, gerð né búnað, fyrr en að fengnu leyfi heilbrigðismálaráðherra.

5. gr.

Sá, er hefja vill starfrækslu, sbr. 3. gr., eða reisa verksmiðju eða iðjuver, sbr. 4. gr., skal senda Heilbrigðiseftirliti ríkisins umsókn um starfsleyfi.

Í umsókn skal greina m. a.:

1. Hvers konar framleiðsla á fram að fara í verksmiðjunni eða iðjuverinu.
 2. Framleiðsluaðferð í megindráttum.
 3. Áætlað framleiðslumagn af hverri framleiðslutegund.
 4. Hvers konar eiturefni og hættuleg efni nota á við starfræksluna eða ætla má að myndist eða komi fram við hana.
 5. Hvaða tæki eða búnað nota skuli til varnar gegn mengun.
 6. Hvernig frárennsli skuli háttað.
- Þá skal fylgja umsókn m. a.:
1. Nákvæm lýsing og uppdættir af staðsetningu, staðháttum og byggingum.
 2. Lýsing og uppdættir af aðalvélum.
 3. Lýsing og uppdættir af næsta umhverfi, svo og skrá um eigendur fasteigna í næsta nágrenni.
 4. Umsögn heilbrigðisnefndar þeirrar sveitar, þar sem verksmiðjan eða iðjuverið er eða á að vera staðsett.

6. gr.

Verksmiðjur og iðjuver, er starfa við gildistöku reglugerðar þessarar og falla undir ákvæði 1. gr. sbr. 2. gr., skulu innan þriggja mánaða frá gildistöku reglugerðarinnar senda Heilbrigðiseftirliti ríkisins gögn þau, er um ræðir í 5. gr., og óska starfsleyfis.

7. gr.

Verksmiðju eða iðjuver, sem veitt hefur verið starfsleyfi, sbr. 3., 4. og 6. gr., má eigi stækka né breyta, nema að fengnu leyfi heilbrigðismálaráðherra. Umsókn um breytingu eða stækkun skal senda Heilbrigðiseftirliti ríkisins ásamt skýrslum þeim og gögnum, sem um ræðir í 5. gr., eftir því sem við á.

8. gr.

Hafi Heilbrigðiseftirliti ríkisins borizt umsókn, skal hún þegar í stað tekin til afgreiðslu. Telji eftirlitið, að gögn skorti, skal krefja um þau.

9. gr.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins skal senda Eiturefnanevnd, Náttúruverndarráði, Siglingamálastofnun ríkisins og Öryggiseftirliti ríkisins umsóknir um starfsleyfi til umsagnar, ef ástæða telst til.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins getur kannað sjálfst eða látið aðra aðila kanna hver þau atriði, er það telur þörf á, og aflað hverra þeirra gagna, er það telur nauðsynleg. Þá getur það krafist umsækjanda um hver þau gögn og upplýsingar, sem það telur nauðsynleg og hægt er með sanngirni að krefjast.

10. gr.

Þegar Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur fengið þau gögn um starfsleyfisumsókn, er það telur þurfa, og kannað þau, skal það tillögur sínar um afgreiðslu hvers máls. Skal þess sérstaklega gætt, að eiturefni og hættuleg efni frá verksmiðjum og iðjuverum valdi ekki tjóni á mönnum, dýrum eða plöntum né mengi loft, lág eða lög. Leggja má til, að ákveðin starfræksla verði alls ekki leyfð eða einungis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum svo sem um hreinsunar- eða varnarbúnað eða sérmenntun tæknilegra stjórnenda. Í tillögunum skal greina hæfilega fresti til úrbóta og fyrirsmæli um, á hvern hátt úrbætur skuli gerðar. Tillögurnar skulu rækilega

rökstuddar og fram tekin mengunarmörk. Tillögur sínar skal Heilbrigðiseftirlitið senda heilbrigðismálaráðherra, sem skal endanlega úrskurða málið.

11. gr.

Heilbrigðisnefnd í hverju sveitarfélagi skal fylgjast með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt. Verði hún þess vör að svo sé eigi, skal hún þegar í stað senda Heilbrigðiseftirliti ríkisins rækilega skýrslu um málið.

12. gr.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur yfirumsjón með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt. Í því sambandi hefur það og starfsmenn þess heimild til að skoða og rannsaka framleiðsluhætti, mengunarvarnir og ráðstafanir allar á þessu sviði, sem gerðar eru í verksmiðjum eða iðjuverum. Ætíð skal gefa fyrirsvarsmönnum fyrirtækjanna kost á að fylgjast með athugunum þessum. Heilbrigðiseftirlitið getur á hverjum tíma krafist fyrirsvarsmenn verksmiðja og iðjuvera um hverjar þær upplýsingar um starfræksluna, sem það telur nauðsynlegar til að geta innt störf sín af höndum.

13. gr.

Komi fram, að fyrirmælum um mengunarvarnir sé eigi hlýtt, skal Heilbrigðiseftirlitið þegar í stað setja þeim, er hlut á að máli, hæfilegan frest til úrbóta. Sé þeim fyrirmælum heldur eigi hlýtt, skal Heilbrigðiseftirlitið tilkynna heilbrigðismálaráðherra um málið, sem ákveður hvaða viðurlögum skuli beita.

Komi Heilbrigðiseftirlitið auga á hættu, sem áður var eigi ljós og því eigi getið í starfsleyfi, getur það lagt til við heilbrigðismálaráðherra, að starfsleyfi verði tekið til endurskoðunar með hliðsjón af þessari vitneskju. Sama gildir, ef á markað koma ný tæki eða ráð til mengunarvarna, sem breyta forsendum gildandi starfsleyfis.

14. gr.

Nú telur Heilbrigðiseftirlit ríkisins, að svo alvarleg mengunarhætta stafi af eiturefnum eða hættulegum efnum frá tiltekinni verksmiðju eða iðjuveri, að aðgerðir þoli enga bið, og er því þá heimilt að stöðva til bráðabirgða með lögregluvaldi rekstur eða framleiðslu verksmiðjunnar eða iðjuversins. Skýrslu um þessar aðgerðir ásamt nauðsynlegum rökstuðningi og gögnum skal Heilbrigðiseftirlitið senda heilbrigðismálaráðherra, sem tekur endanlega ákvörðun í málinu að fenginni greinargerð bannþola.

15. gr.

Rekstur verksmiðju eða iðjuvers, sem fellur undir 1. gr., og eigi hefur aflað sér starfsleyfis, getur heilbrigðismálaráðherra, að fengnum tillögum Heilbrigðiseftirlits ríkisins, látið stöðva með lögregluvaldi. Sama gildir, ef eigi er hlýtt fyrirmælum heilbrigðismálaráðherra um sérstakar ráðstafanir um varnir gegn mengun.

16. gr.

Um mál, er rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari, skal fara að hætti opinberra mála.

17. gr.

Fyrir brot á reglugerð þessari skal refsa með sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot itrekað eða stórfellt, og getur refsing þá

orðið varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum. Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt reglugerð þessari er refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 85 31. desember 1968 og öðlast þegar gildi.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. júní 1972.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

fyrir daggjaldanefnd sjúkrahúsa.

1. gr.

Heiti nefndarinnar er daggjaldanefnd sjúkrahúsa. Hlutverk hennar er að ákveða gjald til opinberra sjúkrahúsa, hæla og annarra stofnana, sem vista sjúklinga, sem sjúkrasamlög eða sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins tryggja ókeypis vist, svo og gjaldskrá sömu stofnana vegna þjónustu við sjúklinga, sem ekki eru vistaðir í stofnuninni.

Nefndin ákvarðar einnig gjald sjálfseignarstofnana og einkaaðila fyrir þjónustu samkvæmt 1. mgr., þannig að það jafngildir samningi við Tryggingastofnun ríkisins, ef ákvörðun nefndarinnar er hlýtt.

2. gr.

Nefndina skipa 5 menn og skal einn skipaður af fjármálaráðherra, einn skipaður af Tryggingastofnun ríkisins, einn skipaður af Landssambandi sjúkrahúsa, einn skipaður af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn skipaður af heilbrigðismálaráðherra, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

3. gr.

Nefndin ákveður daggjöld og gjaldskrár þannig, að samanlagðar tekjur stofnunarinnar standi undir eðlilegum rekstrarkostnaði á hverjum tíma, miðað við þá þjónustu, er heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið, að stofnunin veiti innan ramma fjárlaga.

4. gr.

Stofnanir skulu árlega fyrir 1. apríl láta daggjaldanefnd í té yfirlit yfir tekjur og gjöld liðins árs, svo og starfslið og starfsemi alla í því formi, sem nefndin ákveður. Skulu upplýsingar sundurliðaðar þannig, að fram komi, hvernig afkoma hvers einstaks þáttar í rekstri stofnunarinnar er. Skal nefndin láta stofnunum í té leiðbeiningar um uppsetningu bókhalds til þess að reikningar þeirra verði sambærilegir.

5. gr.

Stofnanir skulu tilkynna daggjaldanefnd eða viðkomandi ráðuneyti með 6 mánaða fyrirvara, miðað við 1. janúar og 1. júlí, allar ráðgerðar breytingar í rekstri,